

Svar við fyrirspurn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Greiðslur til Guðjóns Friðrikssonar og tengdra aðila

Óskað hefur verið eftir svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem barst þann 3. maí 2018, en var ítrekað þann 27. apríl sl., um greiðslur til Guðjóns Friðrikssonar og tengdra aðila. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Hvað hefur Guðjón Friðriksson sagnfræðingur og félög tengd honum fengið greitt í heildargreiðslur og styrki frá Reykjavíkurborg og fyrirtækjum í eigu borgarinnar sl. 10 ár?“

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur tekið saman þær greiðslur sem greiddar hafa verið samkvæmt fjárhagskerfi borgarinnar og fengið sambærilegar upplýsingar hjá Faxaflóahöfnum og Orkuveitu Reykjavíkur vegna ára frá 2009 til 2020. Greiðslur nema samtals kr. 30.089.727,-. Greiðslur Faxaflóahafna varða einkum verktakavinnu vegna ritunar á sögu Faxaflóahafna og undirbúnings á sýningu á Miðbakka vegna 100 ára afmælis hafnarinnar. Greiðslur Reykjavíkurborgar varða einkum árlegar höfundarréttargreiðslur.

Fyrirtæki	Fjárhæð
Faxaflóahafnir	16.511.430
Orkuveita Reykjavíkur	11.940.000
Reykjavíkurborg	1.638.297
Samtals	30.089.727

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur ekki upplýsingar um félög tengd Guðjóni Friðrikssyni. Á grundvelli 8. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 er kveðið á um þá meginreglu að vinnsla persónuupplýsinga sé aðeins heimil að uppfylltum skilyrðum sem tilgreind eru í ákvæðinu. Telur fjármála- og áhættustýringarsvið skilyrði ákvæðisins aðeins uppfyllt að því marki að upplýsa um þá fjárhæð sem hefur verið greidd á kennitölu viðkomandi aðila.



Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.